

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2021120014

Málsheiti: Suðurtangi 6, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Málsaðili: Skipanaust ehf.

Skráð af: Helga Þuríður Magnúsdóttir

Ábyrgðaraðili: Helga Þuríður Magnúsdóttir

Fundur: Bæjarstjórn - 506 (5.1.2023) - Deiliskipulag á Suðurtanga

Dags: 23.01.2023

Inngangur: Tillaga frá 599. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 22. desember 2022, um að bæjarstjórn heimili endurskoðun á deiliskipulagi á Suðurtanga, íbúðar og þjónustusvæði sem samþykkt var 5. nóvember 2015. Jafnframt leggur nefndin til að íbúðarbyggð verði látin víkja fyrir léttum iðnaði og safnasvæði og útivist verði gefið meira rými í skipulaginu.

Niðurst.: Til máls tók: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti. Forseti ber tillöguna upp til atkvæða. Tillagan samþykkt 9-0.

Fundur: Bæjarstjórn - 506 (5.1.2023) - Deiliskipulag á Suðurtanga

Dags: 06.01.2023

Inngangur: Tillaga frá 599. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 22. desember 2022, um að bæjarstjórn heimili endurskoðun á deiliskipulagi á Suðurtanga, íbúðar og þjónustusvæði sem samþykkt var 5. nóvember 2015. Jafnframt leggur nefndin til að íbúðarbyggð verði látin víkja fyrir léttum iðnaði og safnasvæði og útivist verði gefið meira rými í skipulaginu.

Niðurst.: Til máls tók: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti. Forseti ber tillöguna upp til atkvæða. Tillagan samþykkt 9-0.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 599 (22.12.2022) - Suðurtangi 6, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Dags: 22.12.2022

Inngangur: Á 504. fundi bæjarstjórnar, þann 15. desember 2022, var samþykkt eftirfarandi breytingatillaga forseta: „Forseti bæjarstjórnar leggur til við bæjarstjórn að málinu verði aftur vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar með vísan í að bæjarstjórn ákvað á 498. fundi sínum sem haldin var 15. september 2022 að endurskoða deiliskipulag á Sundabakka. Bæjarstjórn telur rétt að endurskoða deiliskipulagið á Suðurtanga í heild í sinni áður en gerðir verði lóðaleigusamningar sem gætu haft áhrif á þróun svæðisins. Jafnframt leggur forseti til við bæjarstjórn að hafin verði vinna við endurskoðun deiliskipulags á Suðurtanga íbúðar og þjónustusvæði sem samþykkt var 5. nóv. 2015, m.t.t. þess hvort íbúðabyggð henti á Suðurtanga samhliða þeirri starfsemi sem fyrir er og að breytingin verði unnin í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.“ Er málið nú lagt fram á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar.

Niðurst.: Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurskoðun á deiliskipulagi á Suðurtanga -íbúðar og þjónustusvæði sem samþykkt var 5. nóv. 2015. Jafnframt leggur nefndin til að íbúðarbyggð verði látin víkja fyrir léttum iðnaði og safnasvæði og útivist verði gefið meira rými í skipulaginu.

Fundur: Bæjarstjórn - 504 (15.12.2022) - Suðurtangi 6, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Dags: 16.12.2022

Inngangur: Tillaga frá 597. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 24. nóvember 2022, um að bæjarstjórn heimili útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Suðurtanga 6 á Ísafirði, þó aðeins til 10 ára í ljósi óvissu með framtíð skipulagsmála á Suðurtanga, en þetta er í samræmi við gildandi deiliskipulag Suðurtanga, íbúðar- og þjónustusvæði.

Niðurst.: Til máls tók: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti. Forseti lagði fram eftirfarandi breytingatillögu: „Forseti bæjarstjórnar leggur til við bæjarstjórn að málinu verði aftur vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar með vísan í að bæjarstjórn ákvað á 498. fundi sínum sem haldinn var 15. september 2022 að endurskoða deiliskipulag á Sundabakka. Bæjarstjórn telur rétt að endurskoða deiliskipulagið á Suðurtanga í heild í sinni áður en gerðir verði lóðarleigusamningar sem gætu haft áhrif á þróun svæðisins. Jafnframt leggur forseti til við bæjarstjórn að hafin verði vinna við endurskoðun deiliskipulags á Suðurtanga íbúðar og þjónustusvæði sem samþykkt var 5. nóv. 2015, m.t.t. þess hvort íbúðabyggð henti á Suðurtanga samhliða þeirri starfsemi sem fyrir er og að breytingin verði unnin í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.“ Forseti bar breytingatillöguna upp til atkvæða. Breytingatillagan samþykkt 8-0.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 597 (24.11.2022) - Suðurtangi 6, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Dags: 25.11.2022

Inngangur: Lögð fram umsókn dags. 30. nóvember 2021, frá eiganda Suðurtanga 6 (L138767), á Ísafirði um endurnýjun á lóðarleigusamningi undir iðnaðarhúsnæði og athafnapláss fyrirtækisins. Jafnframt lagt fram mæliblað Tæknideildar dags. 22. mars 2022 sem er unnið eftir gildandi deiliskipulagi Suðurtanga, (íbúðarhlutaog þjónustusvæði) frá nóvember 2015.

Niðurst.: Í ljósi óvissu með framtíð skipulagsmála á Suðurtanga þá leggur skipulags- og mannvirkjanefnd til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings til 10 ára undir Suðurtanga 6, Ísafirði í samræmi við gildandi deiliskipulag Suðurtanga, íbúðar- og þjónustusvæði.

Fundur: Bæjarstjórn - 493 (7.4.2022) - Suðurtangi 6, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Dags: 08.04.2022

Inngangur: Tillaga frá 580. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 23. mars 2022, um að bæjarstjórn heimili útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Suðurtanga 6 L138767, Ísafirði skv. gildandi deiliskipulagi.

Niðurst.: Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, og Sigurður Jón Hreinsson. Forseti bar upp breytingatillögu um að málinu verði vísað aftur til skipulags- og mannvirkjanefndar. Forseti bar breytingatillöguna upp til atkvæða. Breytingatillagan samþykkt 9-0.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 580 (23.3.2022) - Suðurtangi 6, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Dags: 04.04.2022

Inngangur: Lögð fram umsókn dags. 30. nóvember 2021, frá Aðalsteini Ó. Ásgeirssyni f.h. Skipanausts ehf. þingl. eiganda Suðurtanga 6 L138767 um endurnýjun á lóðarleigusamningi F212-0528, einnig lagt fram mæliblað Tæknideildar frá 21. mars 2022 sem er skv. gildandi deiliskipulagi.

Niðurst.: Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Suðurtanga 6 L138767, Ísafirði skv. gildandi deiliskipulagi.